

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga  
20. fundur þriðjudaginn 22. október 2019 kl. 9  
Nefndasvið Alþingis.

## FUNDARGERÐ

**Mætt:** Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHÞ), Magnús Karel Hannesson (MKH) og Indriði B. Ármannsson (IBÁ). Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

Í tilefni fundargerðar síðasta fundar var rætt um af hverju halda ætti 4 vikna kærufresti í alþingiskosningum. Langur kærufrestur í ljósi sumarþinga og ef þingrofi hefur verið beitt. Yfirleitt koma kosningakærur strax fram. Kosningastofnun verður að hafa nægt svigrúm til að veita umsögn um kærur. Ákveðið að samræma við sveitarstjórnarkosningar og hafa kærufrestinn 7 daga.

### 2. Frásögn af fundi með Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Meginefni frumvarpsins var kynnt fyrir formanni og yfirstjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 21. október 2019. Þar kom m.a. fram hugmynd um að SÍS fengi tvo fulltrúa í stjórn Kosningastofnunar, að stofnunin gæti verið staðsett utan höfuðborgarsvæðisins eða mælt fyrir um að einhver störf hjá stofnuninni yrðu án staðsetningar, að skapa ætti möguleika fyrir hreyfanlega utankjörfundarstaði til að auka þjónustu við borgarana og auka þar með kosningaþátttöku og síðast en ekki síst rætt um hvers hlutverk það ætti að vera að auka kosningaþátttöku. Rætt var um færslu kjördags sveitarstjórnarkosninga til annars laugardagsins í maí og að það gæti skapað vandkvæði vegna sauðburðar og prófatíðar ungs fólks. Forsetakjör fyrsta laugardaginn í júní gæti skapað vandkvæði þar sem húsnaði fyrir hátíðarhöld í tilefni sjómannaþingsins er oft það sama og nýtt er fyrir kosningar.

### 3. Fundur með landskjörstjórn 21. október 2019.

Meginefni frumvarpsins var kynnt fyrir landskjörstjórn 21. október 2019. Þar kom m.a. fram að íhuga ætti að breyta 31. gr. stjórnarskrá hvað viðkemur hlutverki landskjörstjórnar og fela þau verkefni Kosningastofnunar, rætt var um vottanir bréfkosninga og öryggi þeirra, hlutverk sýslumanna við skipulagningu utankjörfundaratkvæðagreiðslu, aðgang stjórn málasamtaka að kjörskrá, að breytt fyrirkomulag við talningu gæti fjölgað vafaatkvæðum og ágreiningsákvæðum, skráningu stjórn málasamtaka og meðmælendalista.

#### 4. Kosningaréttur Íslendinga búsettra erlendis (3. gr. frv.).

Rætt um tillögu frumvarpsins um að sjálfgefni líftími kosningarréttar í alþingiskosningum, forsetakjöri og þjóðaratkvæðagreiðslna fyrir Íslendinga búsetta erlendis verði 16 ár en ekki 8 ár og að ekki verði hægt að komast á kjörská eftir þessi 16 ár.

Gögn frá Þjóðskrá Íslands skoðuð og ákveðið að kalla eftir frekari upplýsingum. Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneyti voru greidd 2.800 atkvæði utan kjörfundar erlendis fyrir alþingiskosningarnar 2017. Rætt um uppruna undanþágu frá lögheimilisskilyrði kosningarréttar í stjórnarskrá og að rétt væri að bæta við söguskýringum í skýringar við 3. gr. frumvarpsins. Rætt um hvort mæla ætti fyrir um umsóknarferli eftir 16 árin og hvort að sjálfgefna 16 ára tímabilið sé of langt. Ákveðið að halda sig við upphaflega tillögu starfshópsins og mæla ekki fyrir varaleið. Leggja áherslu á í greinargerð hvað það þýðir að nýta kosningarrétt sinn og að kjósendur séu að velja sér stjórnvald til að ráða hagsmunum sínum næstu árin.

#### 5. Ýmislegt sem stendur út af.

- Ákvæði 86. gr. frumvarpsins um afsal á kosningarrétti í kjördeild. Á ekki við með rafræna kjörskrá sem meginreglu. Ef rafræn kjörskrá dettur niður vegna truflunar kýs kjósandi „utankjörfundar“, síðan er merkt við í lok kjörfundar og atkvæði sett í kassann ef kjósandi átti rétt á að greiða atkvæði samkvæmt rafrænni kjörskrá. Ef sveitarfélag notar ekki rafræna kjörskrá getur 86. gr. frv. um afsal átt við því annars væri þrengt að möguleikum kjósenda til að kjósa. Rætt um hvort tryggt netsamband sé alls staðar á landinu. Ákveðið að 86. gr. frv. verði áfram í frumvarpi.
- Ákvæði 75. gr. um kosningaathöfn í utankjörfundaratkvæðagreiðslum. Þegar framboðsfrestur hefur verið færður fram fyrir upphaf utankjörfundaratkvæðagreiðslu er upplýsingamiðlunin um hverjir eru í framboði til staðar áður en kjósendur greiða atkvæði. Þá vaknar upp sú spurning hvort búið verði að prenta kjörseðla áður en atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst eða hvort mögulegt verði jafnvel að prenta kjörseðla á staðnum. Rætt en ákveðið að eflaust verður óbreytt aðferð við utankjörfundaratkvæðagreiðslu þar sem ekki verði hægt að prenta kjörseðla á staðnum (of umfangsmiklir) og ekki verður hægt að senda tilbúna kjörseðla til kjörstjóra erlendis. Þegar atkvæði er greitt í þjóðaratkvæðagreiðslu utan kjörfundar er búið að prenta út kjörseðla og kjörgögn send til útlanda í tæka tíð (sami kjörseðill notaður fyrir atkvæðagreiðsla á kjörfundi og utan kjörfundar) en sá sem kýs bréfkosningu pantar kjörgögn á netinu.
- Ákveðið að leggja til að héraðssaksóknari taki á móti öðrum kærnum vegna kosningafrákvæmdar í stað lögreglustjóra áður.

- Ákveðið að einfalda 148. gr. frv. um kostnað verulega þannig að eingöngu verði tekið fram að kostnaður við sveitarstjórnarkosningar greiðist af sveitarfélögum en annar kostnaður vegna almennra kosninga verði greiddur af ríkissjóði.
- Eigum von á svörum frá norsku og sænsku kosningastofnunum um fjármögnun þeirra.

#### 6. Yfirferð vinnuþlans starfshóps.

Farið yfir uppfært vinnuþlan starfshópsins og rætt um yfirlestur frumvarps og frekara samráð. Rætt um að heildardrög frumvarps verði tilbúin fyrir næsta fund starfshópsins 5. nóvember nk.

#### 7. Önnur mál.

Ábending hefur kom fram um að fella brott úr frumvarpi að hægt sé að loka atkvæðakassa með lykli þar sem það hefur valdið vandkvæðum í framkvæmd. Innsigli á atkvæðakössum er nægilegt.

Rætt um aðgang stjórnálagasamtaka að kjörskrá og tilgang hans. Því hefur verið haldið fram að veita ætti aðganginn því hann sé í þágu eftirlits með framkvæmd kosninga. Ákveðið að spyrja nefnd forsætisráðherra sem vinnur að frumvarpi um starfsemi stjórnálagasamtaka í hverju eftirlitshlutverk stjórnálagaflokka er fólgið sem réttlætir aðgang að kjörskrá og í öðru lagi hvernig kjörskrárgögnin eru notuð, meðferð þeirra og hver sé að nota þau.

BH fundar með forseta Alþingis bráðlega til að ræða tímaramma starfshópsins og kynningu frumvarpsins.

Fundi slitið kl. 12:00.